



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 39/2010

varðandi arðsemiskröfu GR og hlutafjárukningu í félaginu í desember 2008

I.

Inngangur

Mál þetta varðar eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) með fjárhagslegum aðskilnaði fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur sf. (OR), sem rekin er í dótturfélaginu Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR), frá einkaleyfis- eða sérleyfisstarfsemi samstæðunnar. Um ofangreint eftirlit gildir ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sem tryggja á að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Mál þetta varðar annars vegar mat á lögmæti hlutafjárukningar sem fram fór í GR í desember 2008 og OR var greiðandi að. Hins vegar mat PFS á eðlilegri arðsemiskröfu sem gera verður til reksturs GR til framtíðar og eftirfylgni PFS með henni.

II.

Málavextir

2.1 Skoðun PFS á fjárhagslegum aðskilnaði fjarskiptahluta OR á árunum 2003-2005

Á árinu 2003 hóf PFS skoðun á því hvernig fjárhagslegum aðskilnaði væri háttað á milli fjarskiptahluta OR og annarrar starfsemi félagsins. Í ljós kom að skuldir væru ekki færðar sérstaklega á fjarskiptastarfsemina heldur væri eingöngu um bókhaldslega aðgreiningu að ræða. Auk þess hefði ekki verið gerður stofnefnahagsreikningur fyrir fjarskiptastarfsemina. Í janúar 2004 óskaði PFS eftir tillögum frá OR um fjárhagslega aðgreiningu. Samkvæmt tillögum OR skyldu efnahagsliðir samstanda af „eignum“ annars vegar og „skuldum og eigin fé“ hins vegar og eðlilegt væri að miða við eigin vaxtakjör. Að mati PFS voru tillögur OR ekki nægilega sundurgreindar þar sem skuldir væru ekki sérgreindar á fjarskiptaþjónustu heldur hlutfallaðar m.t.t. fjárfestinga. Þá taldi PFS eðlilegt að lágmarkssundurliðun stofnefnahagsreiknings og síðan ársreiknings

fjarskiptastarfsemi OR skyldi byggjast á fjárhagslegri aðgreiningu eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða í samræmi við lög um ársreikninga.

Í bréfi PFS til OR í janúar 2005 setti PFS fram sjónarmið sín varðandi það hvað fælist í fjárhagslegri aðgreiningu. Að mati PFS væri rétt að styðjast við þá venju sem skapast hefði í ákvörðunum samkeppnisyfirvalda og í dómum í samkeppnismálum. Að lágmarki skyldi fjárhagsleg aðgreining felast í því að 1) stofnuð yrði sérstök eining um samkeppnisreksturinn með sjálfstæð reikningsskil, 2) gerður skyldi stofnefnahagsreikningur þar sem eignir yrðu yfirfærðar á matsverði, 3) með skuldum samkeppniseiningarinnar skyldu teljast allar skuldbindingar sem þeirri starfsemi tengdust, skuldir samkeppniseiningarinnar við önnur svið fyrirtækisins skyldu bera markaðsvexti og óheimilt væri að samkeppnisreksturinn skuldaði öðrum sviðum annað en lán vegna yfirtöku eigna í upphafi og lán vegna eðlilegra viðskipta og 4) öll viðskipti á milli eininga skyldu verðlögð á markaðsverði.

Með bréfi PFS í mars 2005 óskaði stofnunin upplýsinga um hvort OR gerði athugasemdir við ofangreindan skilning stofnunarinnar á inntaki fjárhagslegs aðskilnaðar. Í svari OR í apríl sama ár kom fram að fjárhagsleg aðgreining væri að mati félagsins fullnægjandi og í samræmi við ofangreint bréf PFS frá janúar 2005 varðandi liði 1, 2 og 4. OR gæti hins vegar ekki fallist á framsetningu PFS sem fram kæmi í lið 3, sem m.a. gerði ráð fyrir að skuldir fjarskiptastarfseminnar við önnur svið bæru markaðsvexti.

2.2 Fyrirhuguð ákvörðun PFS, dags. 9. janúar 2006

Í janúar 2006 birti PFS skýrslu um fjárhagslegan aðskilnað milli fjarskiptahluta OR og annarrar starfsemi félagsins. Skýrslan hafði að geyma fyrirhuguð fyrirmæli PFS gagnvart félaginu til að tryggja fjárhagslegan aðskilnað og koma í veg fyrir að fjarskiptarekstur væri niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi. Fram kom að stofnunin liti svo á að skilyrði 36. gr. fjarskiptalaga væru ekki uppfyllt heldur væri einungis um bókhaldslega aðgreiningu að ræða. Það var m.a. niðurstaða PFS að stofnefnahagsreikningur skyldi innihalda allar þær eignir og skuldir sem tilheyrðu fjarskiptastarfseminni. Mikilvægt væri að rétt verðmat væri á eignum og skuldum sem skráðar yrðu í stofnefnahagsreikninginn. Rangt mat gæti leitt til þess að afskriftir og fjármagnskostnaður yrði lægri en ella. Miða skyldi við markaðsvirði þar sem það ætti við en annars endurkaupsverð. Að lokum kom fram að stofnunin hefði í hyggju að ákvarða [...] ¹ arðsemiskröfu á eigið fé fjarskiptahlutans og að ef OR færi fram á endurskoðun á kröfunni vegna breytinga á fjármálaumhverfi gæti PFS tekið tillit til þeirra breytinga að loknu mati og skýringum OR og breytt ákvörðun um arðsemina.

¹ Fellt brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem felldar hafa verið brott innan hornklofa hér síðar í skjalinu.

2.3 Athugasemdir OR við fyrirhugaðri ákvörðun PFS, dags. 18. ágúst 2006

Í andmælabréfi OR kom fram að félagið hefði í hyggju að ganga lengra í fjárhagslegum aðskilnaði en gert hefði verið og koma þannig til móts við sjónarmið PFS. Tillaga OR gekk m.a. út á það að stofnefnahagsreikningur yrði færður á sjálfstæða einingu innan OR og vextir og afskriftir reiknaðar af þeim eignum og skuldum sem þar stæðu. Fjárhæð langtímaskulda og eigin fjár myndi fara eftir fjárhæð þeirra eigna sem flyttust yfir en miðað yrði við að fjármögnunin yrði [...]% með eigin fé og [...]% með lánsfé. Þá skyldi lánsfjárbörf fjármögnuð af OR en gerðir yrðu sjálfstæðir lánasamningar milli aðila um lántökur hvers árs og yrðu vaxtakjör þau sömu og ætla mætti að óskyldur aðili fengi á lánamarkaði. Því væri hafnað að fjárhagslegur aðskilnaður fæli það í sér að OR þyrfti að taka ný lán vegna fjarskiptastarfseminnar með tilheyrandi kostnaði, þar sem unnt væri að tryggja að verðlagning þjónustunnar væri með eðlilegum hætti án þess að til nýrrar lántöku kæmi. Fjármagnskostnaður yrði reiknaður og tilfærður í bókhaldi miðað við ofangreind vaxtakjör og haldið yrði utan um veltufjármuni og skammtímaskuldir hjá OR. Veltufjármunir og skammtímaskuldir myndu því samstanda að mestu leyti af viðskiptareikningi GR hjá OR. Í lok hvers tímabils myndi fjárhagsleg staða fjarskiptastarfseminnar gagnvart OR gerð upp í samræmi við kjör sem byðust hjá óskyldum aðilum. Með þessu móti yrði haldið utan um afkomu fjarskiptastarfseminnar í sjálfstæðri einingu í bókhaldi OR.

2.4 Ákvörðun PFS um fjárhagslegan aðskilnað OR, dags. 13. nóvember 2006

Ákvörðun PFS um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi OR laut að þeim aðgerðum sem OR bæri að grípa til í þeim tilgangi að fullnægja skilyrðum 36. gr. fjarskiptalaga. Markmiðið væri að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur væri niðurgreiddur af verndaðri starfsemi sem nyti einkaréttinda á öðru sviði. Niðurstaða PFS var á þá leið að OR hefði með aðgerðum sínum að verulegu leyti uppfyllt kröfur stofnunarinnar um fjárhagslegan aðskilnað. Það ætti m.a. við um gerð stofnefnahagsreiknings, sem miðaðist við 1. júlí 2006. Einnig um yfirfærslu skulda til fjarskiptastarfseminnar, enda bæru þær skuldir eðlilega markaðsvexti. Framkvæmd OR væri þó að mati stofnunarinnar ábótavant varðandi nokkur atriði, m.a. atriði er vörðuðu markaðsvexti, lánsfjárbörf og veðsetningar.

Sérstakt álitamál væri hvort áform OR um að fjármagna framtíðar lánsfjárbörf fjarskiptastarfseminnar fengi samrýmist 36. gr. fjarskiptalaga. Fyrirkomulag sem fæli í sér svo náðið og viðvarandi samband yrði að teljast umfram það sem almennt tíðkaðist á milli óskyldra aðila. Í úrskurðum samkeppnisyfirvalda væri mælt fyrir um að það svið sem væri fjárhagslega aðskilið frá annarri starfsemi mætti einungis skulda öðrum sviðum lán vegna yfirtöku eigna í upphafi svo og lán vegna eðlilegra viðskipta eftir það. Skilyrði sem þetta væri sett til að koma í veg fyrir að sviðið sem væri fjárhagslega aðskilið fengi lán á óeðlilegum kjörum sem stæðu samkeppnisaðilum almennt ekki til boða. Slíkt gæti falið í sér óeðlilegan aðstöðumun sem jafna mætti við niðurgreiðslu fjarskiptastarfseminnar. Varðandi þennan þátt málsins yrði hins vegar ekki horft framhjá því að fjarskiptastarfsemin væri ekki sjálfstæður lögaðili og að ekki væri af hálfu PFS gerð krafa um að svo væri. Með slíku fyrirkomulagi væri ljóst að OR þyrfti að hafa

milligöngu um allar lántökur fjarskiptastarfseminnar þar sem henni væri ómögulegt að taka lán í eigin nafni. Með tilliti til ofangreinds gæti PFS fallist á að OR hefði milligöngu um lántökurnar frá þriðja aðila. Mestu máli skipti að búið yrði þannig um hnútana að fjarskiptastarfsemin nyti ekki aðstöðumunar umfram samkeppnisaðila sína að því er varðaði vaxta- og lánakjör. Því yrði það gert að skilyrði fyrir slíku fyrirkomulagi að OR endurlánaði slíkar fjárhæðir á sömu vaxtakjörum og ætla mætti að óskyldur aðili fengi á lánamarkaði og að sérstakir lánasamningar yrðu gerðir milli hennar og fjarskiptastarfseminnar í samræmi við þá skilmála sem almennt giltu á markaði. Skyldu slík lán vera sérgreind í lánasafni OR en leggja bæri lántökukostnað á fjarskiptastarfsemina. Þá væri OR óheimilt að setja aðrar eignir að veði fyrir lánnum sem tekin yrðu vegna fjarskiptastarfsemi en þær sem tilheyrðu þeirri starfsemi.

PFS féll hins vegar frá því að ákvarða tiltekna arðsemiskröfu á fjarskiptastarfsemina og lagði fyrir OR að taka sérstaka ákvörðun um hana innan tilskilins frests, m.t.t. samkeppnissjónarmiða og þess sem almennt tíðkaðist á fjarskiptamarkaði. OR bæri að tiltaka hvenær ráðgert væri að arðsemiskröfunni yrði náð og gera PFS skriflega grein fyrir forsendum hennar. Ekki væri eðlilegt að gera sömu arðsemiskröfu til fjárfestinga í fjarskiptastarfsemi OR og í öðrum veituframkvæmdum. Fjárfesting í fjarskiptaneti væri miklu áhættusamari en fjárfesting í rafmagni, hita eða köldu vatni, auk þess sem samkeppnin væri mun meiri á fjarskiptasviðinu. Það væri því álit stofnunarinnar að ef OR tæki ekki tillit til þessara aðstæðna á fjarskiptamarkaði væri fyrirtækið í reynd að greiða niður samkeppnisrekstur á þessu sviði. Þá kæmi orðrétt fram á bls. 21:

„PFS getur út af fyrir sig fallist á það með OR að almennt sé það undir eigendum fyrirtækja sjálfum komið að ákveða áætlun um arðsemi þess fjármagns sem lagt hefur verið í þau. Hins vegar hefur OR ákveðna sérstöðu þegar litið er til þess að hún er í eigu aðila sem teljast til hins opinbera, þ.e. tiltekinna sveitarfélaga, og starfar að hluta til í skjóli einkaleyfis. Eiga slík almenn sjónarmið því ekki að öllu leyti við í tilviki OR. Með tilliti til þess að það er ótvíræður tilgangur 36. gr. fjarskiptalaga að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi verður ekki á það fallist að OR hafi alveg frjálssar hendur til að ákveða arðsemi þess fjármagns sem bundið er í fjarskiptastarfsemi hennar. Með öðrum orðum verður að telja að OR sé skylt að taka tillit til samkeppnissjónarmiða við ákvörðun á ávöxtunarkröfu fyrir Gagnaveituna þannig að hún teljist vera eðlileg miðað við það sem almennt tíðkast á fjarskiptamarkaði.“

2.5 Lánasamningur OR og GR, dags. 8. mars 2007

Þann 8. mars 2007 undirrituðu OR og GR lánasamning vegna yfirfærslu eigna frá OR til GR. Þann 1. janúar 2007 hafði GR tekið yfir eignir, skuldir, réttindi og skyldur fjarskiptastarfsemi OR. Eignir að fjárhæð kr. [...] yfirfærðust til GR, þar af gagnaveitukerfi að fjárhæð kr. [...] og handbært fé að fjárhæð [...]. GR skyldi greiða OR kr. [...] fyrir eignirnar að langmestu leyti í samræmi við lánasamning milli félaganna. Um var að ræða [...] ára lán [...]. Gjald dagar [...]. Endurgreiðsla höfuðstóls skyldi dreifast jafnt á [...] gjalddaga, í fyrsta sinn [...]. Síðasti gjalddagi höfuðstóls og vaxta yrði [...].

Mismuninn á eignum og skuldum, kr. 3.536.341.000, lagði OR inn í GR sem aukið hlutafé í GR sem var kr. 500.000 fyrir. Hlutafé í GR nam því 3.536.381.000. Með

samningnum fylgdi sérfræðiskýrsla frá Deloitte um rétt verðmæti þeirra eigna sem yfirfærðust til GR. Þá kom fram að fyrir lægi nýr stofnefnahagsreikningur GR sem samþykktur hefði verið af stjórn OR þann 7. mars 2007.

2.6 Bréf Símans til PFS, dags. 4. apríl 2007

Í bréfi Símans til PFS, dags. 4. apríl 2007, vísaði félagið til máls sem hefði hafist að frumkvæði Símans á árinu 2003 og falist í eftirliti PFS með fjárhagslegum aðskilnaði fjarskiptastarfsemi OR. Hinn 13. nóvember 2006 hefði PFS tekið ákvörðun um fjárhagslegan aðskilnað. Í ákvörðuninni hefði komið fram að ekki hefði verið gerð arðsemiskrafa til fjarskiptareksturs OR fram til þess tíma, sem leiddi til þess að samkeppnisrekstur OR hefði verið niðurgreiddur með rekstri af verndaðri starfsemi. Síminn hefði talist aðili að málinu, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 8/2006. Í ofangreindri ákvörðun PFS hefði sú skylda verið lögð á OR að taka sérstaka ákvörðun um arðsemiskröfu GR m.t.t. samkeppnissjónarmiða og þess sem almennt tíðkaðist á fjarskiptamarkaði. Hefði GR borið að tiltaka hvenær ráðgert væri að arðsemiskröfunni yrði náð og gera PFS grein fyrir forsendum hennar fyrir 31. desember 2006. Með vísan til ofangreinds krafðist Síminn þess að PFS upplýsti félagið um umrædda arðsemiskröfu GR og veitti félaginu aðgang að rökstuðningi fyrir henni.

2.7 Bréf PFS til GR, dags. 18. apríl 2007

Með bréfi PFS til GR, dags. 18. apríl 2007, minnti stofnunin félagið á þá skyldu sem lögð hefði verið á það með ákvörðun PFS frá 13. nóvember 2006 um að upplýsa stofnunina um arðsemiskröfu félagsins og forsendur hennar.

2.8 Bréf GR til PFS, dags. 14. maí 2007

Með bréfi, dags. 14. maí 2007, tilkynnti GR PFS að samkvæmt viðskiptaáætlun félagsins væri gert ráð fyrir að arðsemi eigin fjár yrði orðin jákvæð á árinu [...] og að lágmarki [...] % í árslok 2018.

2.9 Bréf PFS til Símans, dags. 23. maí 2007

Í bréfi PFS til Símans, dags. 23. maí 2007, kom fram að stofnuninni hefðu borist upplýsingar um arðsemiskröfu GR að félagið hefði mótmælt því að upplýsingar um hana yrðu afhentar Símanum. Óskaði PFS eftir upplýsingum um hvort félagið héldi kröfu sinni um aðgang að arðsemiskröfu GR til streitu.

2.10 Bréf Símans til PFS, dags. 18. júní 2007

Í bréfi Símans til PFS, dags. 18. júní 2007, kom m.a. fram að Síminn teldist aðili að máli því sem PFS hefði til meðferðar varðandi fjárhagslegan aðskilnað GR. Síminn skyldi því fá aðgang að gögnum málsins sem ekki teldust til trúnaðargagna. Síminn félli þó að svo stöddu frá kröfu um aðgang að arðsemiskröfu GR í trausti þess að rannsókn á því hvort

OR færi að skyldum sínum samkvæmt ákvörðun PFS frá 13. nóvember 2006 yrði hraðað eftir föngum og lokið í síðasta lagi fyrir árslok 2007.

2.11 Bréf PFS til Símans, dags. 28. júní 2007

Í bréfi PFS til Símans, dags. 28. júní 2007, kom fram að úttekt á því hvort GR fylgdi fyrirmælum PFS fæli m.a. í sér athugun á lánasamningum, ábyrgðum og veðum fyrirtækisins. Ennfremur hvernig gerð væri grein fyrir slíkum löggerningum í uppgjörum og ársreikningum félagsins. Hvernig félagið hagaði bókhaldi sínu í þessu sambandi gæti ráðið úrslitum um það hvort rétt væri að málum staðið. Ljóst væri að einungis væru liðnir sex mánuðir frá því að GR hefði verið stofnuð og því væru fyrirbyggjandi upplýsingar um uppgjör og ársreikninga mjög af skornum skammti. Af þeim sökum teldi PFS ekki tímabært að hefja úttekt hjá fyrirtækinu. Ekkert væri heldur fram komið sem benti til þess að GR virti fyrirmæli stofnunarinnar að vettugi. Af ofangreindu virtu túlkaði PFS framangreint bréf Símans sem tilraun fyrirtækisins til þess að þvinga stofnunina til að grípa til tafarlausra aðgerða gagnvart GR gegn því að losna undan þeirri skyldu að skera úr viðkvæmu ágreiningsmáli milli fyrirtækjanna. PFS beygði sig ekki undir slíka skilmála. Stofnunin liti því svo á að krafa Símans um aðgang að upplýsingum um arðsemiskröfu GR væri niður fallin nema fram kæmi óskilyrt krafa félagsins þar að lútandi.

2.12 Úttekt PFS á framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar GR og OR frá nóvember 2008

Í nóvember 2008 birti PFS úttekt á framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar OR og GR, þ.e. hvort hann væri í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar frá 13. nóvember 2006. Úttektin byggði m.a. á viðskiptalíkani GR frá apríl 2008 og fyrsta ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2007. Eftirfarandi kom fram á bls. 7 í ofangreindri úttektarskýrslu:

„Í fyrri ákvörðun stofnunarinnar féllst hún á tillögu OR um eiginfjárlutfallið [...] en tók ekki ákvörðun um hvert hlutfall eigin fjár skyldi vera. GR hóf rekstur í byrjun árs 2007 og var eiginfjárlutfall félagsins þá um [...]%, sem er sambærilegt við eiginfjárlutfall móðurfélagsins á sama tíma. Eiginfjárlutfall samkvæmt stofnefnahagsreikningi Gagnaveitu Reykjavíkur þann 1. júlí 2006 var [...]% samanber tillögu OR. Hækkun á eiginfjárlutfalli skýrist af fjárfestingum á seinni hluta ársins 2006 sem fjármagnaðar voru með eigin fé auk þess sem að OR leggur til aukid fé í formi handbærs fjár. Áætlanir GR gera ekki ráð fyrir frekari eiginfjármögnun félagsins og gert er ráð fyrir að eiginfjárlutfall lækki töluvert á næstu árum vegna framkvæmda sem áætlað er að fjármagna með lántökum. Ef OR mun hins vegar styrkja eiginfjárgrunn félagsins enn meir á næstu árum og fjármagna framkvæmdir með eigin fé og þar með víkja frá viðskiptaáætlun félagsins sem lögð er til grundvallar arðsemiskröfu, mun PFS sérstaklega meta hvort forsendubrestur hafi orðið hvað varðar tekjur og afkomu miðað við framlagða áætlun félagsins.“

Fram kemur á bls. 11 í ofangreindri úttektarskýrslu að fram hefði komið í bréfi GR til PFS, dags. 18. apríl 2007, að samkvæmt nýjustu viðskiptaáætlun félagsins væri gert ráð fyrir að arðsemi eigin fjár fyrirtækisins yrði orðin jákvæð á árinu [...] og að lágmarki [...]% í árslok 2018. GR hefði í apríl 2008 lagt fram endurskoðaða viðskiptaáætlun og væri niðurstaða hennar í samræmi við þá arðsemiskröfu sem fram hefði komið árið 2007. Á bls. 13 í umræddri úttektarskýrslu kom síðan fram að félagið hefði í samræmi við

fyrirmæli PFS lagt fram sérstaka ákvörðun um arðsemiskröfu og það væri mat stofnunarinnar að þar hefði verið tekið tillit til samkeppnissjónarmiða.

2.13 Ákvörðun PFS frá 30. desember 2008 um fjárhagslegan aðskilnað OR og GR

Með ákvörðun PFS nr. 32/2008 skerpti PFS á þeim fyrirmælum sem stofnunin hafði beint til GR um fjárhagslegan aðskilnað með ákvörðun sinni frá 13. nóvember 2006, en taldi þó að framkvæmdin væri að mestu fullnægjandi. Um voru að ræða atriði sem vörðudu lánakjör og reikningsskil til ársreikningaskrár. PFS mælti fyrir um breytingar á framangreindum lánasamningi GR og OR, m.a. um styttingu á lánstímanum úr [...] árum í [...] ár, [...]. Rökstuðningur PFS var á þá leið að þegar metið væri hvort um niðurgreiðslu væri að ræða væri lykilatriði að um væri að ræða raunverulegan aðskilnað í fjármögnun og rekstri viðkomandi fyrirtækja. Þó að í 36. gr. fjarskiptalaga væri ekki sérstaklega kveðið á um hvernig lánskjör skyldu vera útfærð milli aðila þá væri ljóst að PFS bæri að hafa sem viðmið þau kjör sem almennt væru í boði á fjarskiptamarkaði og heimfæra á GR eins og um væri að ræða óskyld fyrirtæki. PFS gerði hins vegar ekki athugasemdir við viðskiptaáætlun GR eða arðsemiskröfu í umræddri ákvörðun.

2.14 Viðauki við lánssamning GR og OR, dags. 1. október 2009

Með bréfi GR til PFS, dags. 5. október 2009, kom fram að viðauki hefði verið gerður þann 1. október 2009 við framangreindan lánssamning milli GR og OR frá 2007. Það staðfestist að GR hefði farið að tilmælum PFS varðandi athugasemdir stofnunarinnar við umræddan lánssamning. Sú breyting hefði m.a. verið gerð að lántaki skyldi endurgreiða skuldina að fullu ásamt vöxtum þann [...].

2.15 Bréf PFS til GR, dags. 4. nóvember 2009

Þann 4. nóvember 2009 sendi PFS GR fyrirspurnarbréf í tilefni af upplýsingum sem fram komu í ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2008 varðandi 1,2 milljarða króna hlutafjár aukningu félagsins sem fram hafði farið í árslok 2008. Spurðist PFS m.a. fyrir um ástæður, tilurð og framkvæmd ofangreindrar hlutafjárhækkunar, auk þess sem óskað var upplýsinga um hvort hlutaféð hefði verið hækkað eða til stæði að hækka það á árinu 2009. Þá var óskað eftir upplýsingum um það hvaða áhrif ofangreind hlutafjárhækkun hefði á arðsemiskröfu fyrirtækisins með vísan til viðskiptalíkans félagsins frá apríl 2007 sem endurskoðað hefði verið í apríl 2008 án breytinga.

2.16 Bréf GR til PFS, dags. 19. nóvember 2009

Svar GR barst með bréfi, dags. 19. nóvember 2009. Fram kom að umrædd hlutafjárhækkun hefði verið samþykkt á hlutahafafundi félagsins þann 16. desember 2008. OR hefði keypt alla hlutina og hefði hlutaféð því hækkað um 1.202.000.000, þ.e. úr kr. 3.534.841.000 í kr. 4.736.841.000. Félagið hefði verið í mikilli uppbyggingu og hefði hlutafjárhækkunin verið gerð til að styrkja eigið fé fyrirtækisins og auka lánshæfi þess. Aukningin hefði verið [...]. Hlutafé hefði ekki verið hækkað á árinu 2009 og það stæði ekki til. Viðskiptaáætlun GR gerði nú ráð fyrir að arðsemi eigin fjár yrði orðin jákvæð

árið [...] miðað við að þróun gengisvísitölu yrði með þeim hætti sem þjóðhagsspá gerði ráð fyrir en árið [...] ef hún gengi ekki eftir. Þá gerði áætlunin ráð fyrir að arðsemi eigin fjár yrði orðin [...] % í lok árs 2018.

2.17 Lánasamningur GR og [...], dags. 25. nóvember 2009

Þann 25. nóvember 2009 var undirritaður lánasamningur á milli GR og [...]. Um var að ræða [...].

2.18 Boðunarbréf PFS, dags. 5. febrúar 2010

Með bréfi, dags. 5. febrúar 2010, boðaði PFS GR ákvörðun varðandi tvö nánar tilgreind atriði sem tryggja áttu betur framkvæmd hins fjárhagslegs aðskilnaðar. Þá óskaði stofnunin m.a. eftir ársreikningi félagsins fyrir árið 2009, upplýsingum um mánaðarlega stöðu á viðskiptareikningi félagsins við OR á árunum 2008 og 2009, yfirlit yfir lánakjör og skilmála á umræddum viðskiptareikningi á sama tímabili og uppfærðri arðsemiskröfu félagsins vegna ofangreindrar hlutfjárukningar og breytts fjármögnunarumhverfis, ásamt nýjustu viðskiptaáætlun félagsins til ársins 2018.

Fram kom að framangreind hlutfjárukning væri ekki í samræmi við þær viðskiptaáætlanir sem kynntar hefðu verið PFS á síðustu árum og lagðar hefðu verið til grundvallar framangreindum ákvörðunum stofnunarinnar varðandi arðsemiskröfu GR. Ein meginforsenda ákvarðana PFS vegna eiginfjárframlags hefði verið sú að ekki yrði hnikað frá lágmarks arðsemiskröfu sem PFS hefði talið eðlilega á hverjum tíma að teknu tilliti til aðstæðna á fjármálamörkuðum. Áætlanir GR yrðu að sýna með sannfærandi hætti fram á að viðunandi arðsemi næðist innan eðlilegs tímafrests. Eðlilegt samhengi yrði að vera á milli arðsemi og eiginfjárframlags. Því hefði PFS farið fram á að GR legði fram uppfærða viðskiptaáætlun þar sem tillit yrði tekið til umræddrar hlutfjárhækkunar og breyttra aðstæðna á fjármálamörkuðum, þar sem m.a. kæmi fram áætluð arðsemi hlutfjár til ársins 2018. Þegar framangreind gögn hefðu borist myndi PFS kanna hvort umrædd hlutfjárukning hefði verið eðlileg miðað við aðstæður, þ.e. hvort hún samræmðist eðlilegri fjárhagslegri aðgreiningu GR og OR eða fæli í sér að samkeppnisrekstur væri niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi.

Þá kom fram að PFS teldi mikilvægt að til staðar væru skýrar reglur um hvernig staðið skyldi að fjármögnun GR. Til að fyrirbyggja vandkvæði sem kynnu að skapast af einhliða hlutfjárukningum GR og óeðlilegri skuldasöfnun GR hjá OR í framtíðinni hefði PFS í hyggju að bæta við fyrirmælum varðandi hinn fjárhagslega aðskilnað. Til að tryggja að fjármögnun og arðsemiskrafa GR væri með eðlilegum hætti og byggð á samkeppnislegum forsendum hefði PFS í hyggju að setja það skilyrði að félagið þyrfti að fá fyrirfram samþykki PFS fyrir hlutfjárukningum sem OR væri greiðandi að. Til að koma í veg fyrir óeðlilega skuldasöfnun félagsins hjá OR hefði PFS enn fremur í hyggju að setja það skilyrði að skammtímaskuldir GR við OR gætu aldrei numið hærri fjárhæð en sem næmi [...] mánaða eðlilegum viðskiptum milli aðilanna á hverjum tíma, eins og um ótengda aðila væri að ræða.

2.19 Bréf Skipta til PFS, dags. 10. mars 2010

Með bréfi, dags. 10. mars s.l., barst PFS erindi frá Skiptum hf. sem fól í sér kröfu um eftirfylgni PFS með ákvörðun stofnunarinnar frá 13. nóvember 2006. Þar hefði PFS komist að þeirri niðurstöðu að fjárhagslegur aðskilnaður fjarskiptastarfsemi OR frá annarri starfsemi hefði ekki verið fullnægjandi. PFS hefði m.a. beint þeim tilmælum til OR að taka sérstaka ákvörðun um arðsemiskröfu GR m.t.t. samkeppnissjónarmiða og þess sem almennt gerðist á fjarskiptamarkaði. Í kjölfarið hefði PFS gert aðra úttekt á hinum fjárhagslega aðskilnaði sem lokið hefði með ákvörðun PFS frá 30. desember 2008. Af þeirri ákvörðun yrði hins vegar ekki séð hvernig fyrirmælum um arðsemiskröfu hefði verið fylgt eftir. Athyglisvert væri þó að sú arðsemiskrafa sem PFS hefði í janúar 2006 talið rétt að OR skyldi gera hefði numið [...]% af eigin fé miðað við árslok 2011 og að arðsemin yrði orðin jákvæð í árslok [...]. Ljóst væri að arðsemi eigin fjár GR hefði ennþá verið neikvæð í árslok [...].

Í heildarstefnu OR, sem samþykkt hefði verið af stjórn félagsins í lok árs 2009, kæmi m.a. fram að arðsemiskrafa væri 7% fyrir GR, sem væri að mati Skipta mjög lág krafa. Þá kæmi fram að arðsemiskrafa fyrir „ný verkefni á samkeppnismarkaði“ væri 15% sem væri rúmlega tvöfalt hærra krafa en félagið gerði til fjarskiptahlutans. Athyglisvert væri að arðsemiskrafa gagnvart GR væri svipuð og OR gerði til einkaleyfisrekinnar starfsemi. Það væri algjörlega óásættanlegt að OR gerði svipaða arðsemiskröfu til GR og einkaleyfisbundinnar starfsemi. Þess væri því krafist að PFS rannsakaði hvers vegna arðsemiskrafa til GR væri ekki sú sama og félagið gerði til annars samkeppnisrekstrar og hvort rekstur GR hefði verið farinn að skila jákvæðri arðsemi í árslok [...]. Ennfremur að PFS legði mat á hvort yfirlýst arðsemiskrafa GR væri eðlileg m.t.t. samkeppnissjónarmiða og miðað við það sem almennt gerðist á fjarskiptamarkaði. Of lág arðsemiskrafa eða það að eðlileg arðsemiskrafa næðist á of löngum tíma þýddi að OR væri í reynd að greiða niður samkeppnisrekstur á sviði fjarskipta.

2.20 Bréf GR til PFS, dags. 26. mars 2010

Svar GR barst PFS með bréfi, dags. 26. mars 2010. Ekki voru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða ákvörðun PFS varðandi takmörkun á skammtímaskuldum GR við OR. Varðandi arðsemiskröfuna og umrædda hlutafjárhækkun kom fram að á fyrri hluta ársins 2008 hefðu fulltrúar GR átt viðræður við [...] um fjármögnun ljósleiðaravæðingar félagsins. Fljótlega hefði orðið ljóst að aðgangur að lánsfé væri lítill sem enginn, ekki síst vegna mikillar óvissu í efnahagsmálum sem svo hefði leitt til hruns bankakerfisins. Framkvæmdir ársins 2008 hefðu því verið fjármagnaðar [...]. Undir lok árs 2008 hefði orðið ljóst að ekki yrði af ytri fjármögnun GR að svo stöddu vegna ástands banka og lánamarkaða. Þar að auki [...]. Í þessu ljósi hefði það orðið niðurstaða OR að nauðsynlegt væri að auka hlutfé í GR um 1,2 milljarða króna til að styrkja eiginfjárstöðu félagsins [...]. Hefði hlutafjárhækkunin verið notuð [...].

Vegna óvissunnar hefði verulega verið dregið úr framkvæmdum árið 2009. Strax í upphafi þess árs hefðu hafist viðræður við innlenda banka um fjármögnun sem leitt hefðu til þess að GR gerði lánssamning við [...] í nóvember 2009. Með því hefði GR tryggt sér það fjármagn sem á vantaði vegna framkvæmda ársins 2009 sem og fyrirhugaðra framkvæmda [...]. Samkvæmt lánskjörum umrædds láns kæmi GR ekki til með að greiða vexti af láni sínu hjá OR á lánstímanum. Í því ljósi hefði OR ákveðið að auka hlutfé sitt árið 2010 sem næmi vaxtagreiðslum af láninu til OR á umræddu tímabili. Meðfylgjandi bréfinu var samantekt á nýrri viðskiptaáætlun GR fyrir árin 2010-2018. Þar mætti sjá að arðsemi eiginfjár væri áætluð jákvæð árið [...] og [...] % árið 2018. Áætlunin byggði á margvíslegum forsendum, svo sem um þróun gengis og kostnaðar vegna lánsfjár sem erfitt væri að ráða í sökum óvissu í efnahags- og fjármögnunarumhverfi.

GR andmælti fyrirhugaðri ákvörðun PFS um að fyrirfram samþykki þyrfti fyrir hlutafjárukningu í GR sem OR væri greiðandi að. Um áramótin 2010/2011 yrði grunnstarfsemi OR skipt í tvö fyrirtæki í samræmi við ákvæði raforkulaga. Samkeppnisstarfsemin yrði áfram í móðurfélaginu (OR) en einkaleyfisstarfsemin myndi verða rekin í sérstöku dótturfyrirtæki. Ef til hlutafjárukingar kæmi í GR eftir 31. desember 2010, sem OR tæki þátt í, væri ljóst að einungis samkeppnishluti þeirrar starfsemin sem nú færi fram innan OR myndi taka þátt í henni. Því yrði eftir umræddan tímupunktur ekki hætta á að samkeppnisrekstur yrði niðurgreiddur af sérleyfisrekstri.

Varðandi ofangreint erindi Skipta kom fram að í heildastefnu OR kæmi fram að arðsemi (WACC) fyrir GR væri 7%. Hér væri um að ræða arðsemi heildareigna. Sama arðsemiskrafa væri gerð til framleiðslu og sölu á raforku sem einnig væri á samkeppnismarkaði. Miðað við 7% WACC réðist arðsemi eigin fjár því af eiginfjárhlutfalli annars vegar og lánskjörum hins vegar. Samkvæmt heildarstefnu OR væri markmið um arðsemi eigin fjár nýrra verkefna á samkeppnismarkaði 15%. Samkvæmt meðfylgjandi samantekt úr viðskiptaáætlun GR yrði arðsemi eigin fjár jákvæð árið [...] og á bilinu [...] % frá árinu [...].

Varðandi endurgjald GR fyrir þjónustu OR væri vísað til úttektar PFS frá 2008 þar sem GR hefði upplýst stofnunina um hvernig þjónustu OR við GR væri háttáð og hvernig félagið greiddi fyrir þá þjónustu. Í þjónustusamningi félaganna um innkaup kæmi fram að GR greiddi álag á alla vöru sem OR keypti inn fyrir félagið. Með álagi þessu væri greitt fyrir fjármagns- og geymslukostnað birgða sem og birgðaáhættu. Þar sem félagið keypti vöru af OR jafnharðan og varan væri notuð yrði ekki til birgðastaða á efnahagsreikningi GR. Samkvæmt fyrrgreindum þjónustusamningi sinni OR einnig innkaupaþjónustu fyrir félagið, s.s. útboðum. Sú ályktun Skipta að OR sæi um allar framkvæmdir GR væri því röng. Félagið keypti framkvæmdavinnu að mestu á almennum verktakamarkaði í kjölfar opinna útboða. Í útboðsauglýsingum fyrir verklegar framkvæmdir GR hefði komið fram að útboð væru framkvæmd af OR en fyrir hönd félagsins. Auglýsingar yrðu hér eftir gerðar enn skýrari þannig að ljóst væri að um útboð GR væri að ræða.

2.21 Ákvörðun PFS nr. 14/2010 frá 21. maí 2010

Í ákvörðun PFS nr. 14/2010 kom fram að eftirlit með fjárhagslegum aðskilnaði GR væri viðvarandi verkefni stofnunarinnar og væri ákvörðunin sem hér væri tekin sú þriðja í röðinni. PFS myndi í framhaldi hennar kanna hvort uppfærð arðsemiskrafa GR og áætlun um þróun hennar á næstu árum væri í samræmi við eðlilega fjárhagslega aðgreiningu GR og OR. Ennfremur myndi stofnunin leggja mat á hvort umrædd hlutafjárukning frá 2008 bryti í bága við fjárhagslegan aðskilnað þann sem GR/OR bæri að viðhafa samkvæmt 36. gr. fjarskiptalaga og tilmæli þau sem PFS hefði beint að fyrirtækjunum í fyrri ákvörðunum sínum. Þá myndi PFS skoða önnur atriði er varða fjárhagslegan aðskilnað innan samstæðunnar ef þurfa þætti þegar ástæða væri til.

Fram kom að OR hefði til margra ára staðið fyrir umfangsmikilli uppbyggingu á ljósleiðaraneti á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Þegar horft væri til þess hve GR væri skipulags- og fjárhagslega háð OR væri ekki hægt að líta öðruvísi á en að ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga tæki til fjarskiptareksturs OR óháð því hvort starfsemin færi fram undir merkjum dótturfyrirtækis, enda mynduðu félögin eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar. Ótvírætt væri að ofangreint ákvæði tæki til fyrirtækjasamstæðu OR og bæri samstæðunni þannig að skilja fjarskiptastarfsemi sína fjárhagslega frá einkaleyfisverndaðri starfsemi. Nú um stundir væri einkaleyfisstarfsemi innan vébanda OR en til stæði að stofna sérstakt félag um einkaleyfisstarfsemina um næstu áramót. Að mati PFS breytti slíkt engu um skyldu samstæðunnar til að viðhafa hinn fjárhagslega aðskilnað. Væri sá skilningur ekki lagður til grundvallar gæti OR hæglega vikið sér undan kvöðum um fjárhagslegan aðskilnað með því að stofna dótturfélag um einkaleyfisreksturinn og færa arðsemi af honum til móðurfélagsins í formi arðgreiðslna sem síðar gæti með óbeinum hætti runnið til GR með ýmis konar stuðningi í krafti fjárhagslegs styrks OR. Til að tryggja skilvirka og árangursríka framkvæmd hins fjárhagslega aðskilnaðar fjarskiptastarfseminnar frá sérleyfisstarfseminni þætti því nauðsynlegt að fyrirfram samþykki PFS þyrfti til að koma svo OR eða annað félag innan samstæðunnar gæti verið greiðandi að hlutafjárukningu í GR.

Það var því niðurstaða PFS að framkvæmdin á hinum fjárhagslegum aðskilnaði væri ófullnægjandi varðandi umrædd tvö atriði. Annars vegar þyrfti GR að fá fyrirfram samþykki PFS fyrir hlutafjárukningu sem OR eða annað fyrirtæki innan samstæðunnar væri greiðandi að. GR skyldi leggja slíka umsókn fyrir PFS með nauðsynlegum gögnum, t.d. nýrri viðskiptaáætlun og útreikningi á arðsemiskröfu. PFS myndi aðeins samþykkja slíka hlutafjárukningu að hún rúmaðist innan eðlilegs fjárhagslegs aðskilnaðar og fæli ekki í sér að samkeppnisrekstur væri niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi. Hins vegar mættu skammtímaskuldir GR við OR eða önnur félög innan samstæðunnar aldrei nema hærri fjárhæð en sem næmi [...] mánaða eðlilegum viðskiptum milli aðilanna á hverjum tíma, eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Rökstuðningur PFS fyrir setningu ofangreindra fyrirmæla í ákvörðun þessari var að ein kvöðin sem lögð hefði verið á OR með ákvörðun PFS frá 13. nóvember 2006 væri á þá leið að ný lán GR skyldu vera tekin hjá þriðja aðila en OR væri þó heimilt að hafa milligöngu um slíkar lántökur. Slíkt lánsfé skyldi endurlánað GR á sömu vaxtakjörum og

ætla mætti að óskyldur aðili fengi á lánamarkaði. Sá háttur sem viðhafður hefði verið, þ.e. að [...], færi að mati PFS gegn umræddri kvöð. PFS liti það alvarlegum augum að fjarskiptafyrirtæki vikju sér undan þeim fyrirmælum sem stofnunin hefði beint til þeirra. PFS teldi því nauðsynlegt á þessu stigi að leggja frekari kvaðir á GR, ekki síst til að koma í veg fyrir að frekari hlutafjárukningar af þessu tagi væru notaðar [...]. Tilgangur ofangreindra fyrirmæla væri að auka gagnsæi og áhrif hins fjárhagslega aðskilnaðar.

2.22 Bréf GR til PFS, dags. 7. júní 2010

Í bréfi GR til PFS, dags. 7. júní 2010, var vísað til ofangreindrar ákvörðunar PFS nr. 14/2010. Þá var vísað til bréfs GR til PFS, dags. 26. mars 2010, þar sem fram kæmi að lánskjör á láni GR hjá [...] gerðu ráð fyrir að félagið greiddi ekki vexti af láni sínu hjá OR á lánstímanum. OR hefði ákveðið að auka hlutafé sitt í GR á árinu 2010 sem næmi [...]. GR færi því fram á að PFS veitti samþykki sitt fyrir hlutafjárukningunni. Í samantekt úr viðskiptalíkani félagsins kæmi fram að GR gerði ráð fyrir þessari hlutafjárukningu í áætlun sinni og [...]. Heildarupphæð fyrirhugaðrar hlutafjárukningar væri [...] kr., þar af [...] kr. vegna [...] árána [...] og [...] og [...] kr. vegna ársins [...].

2.23 Bréf PFS til Skipta, dags. 18. júní 2010

Í bréfi PFS til Skipta, dags. 18. júní 2010, var vísað til bréfs félagsins til stofnunarinnar frá 10. mars s.l., sem hafði að geyma kröfu um að PFS fylgdi eftir ákvörðun sinni frá 13. nóvember 2006 gagnvart GR og svarbréfs PFS, dags. 16. mars s.l. Eins og fram hefði komið í umræddu svarbréfi hefði PFS stofnað mál í október 2009 vegna hlutafjárukningar sem fram hefði farið í GR í desember 2008. Upplýst hefði verið að PFS biði eftir gögnum frá GR. Fram kom að kröfugerð Skipta snéri að mestu leyti að sömu atriðum og PFS væri með til skoðunar hjá GR. Þá kom fram að svar hefði borist frá GR þann 26. mars s.l. og að þann 21. maí s.l. hefði PFS tekið ákvörðun nr. 14/2010 um fjárhagslegan aðskilnað GR og OR. Þar hefði PFS bætt við tveimur kvöðum á félögin. Ennfremur kom fram að PFS væri ennþá með til skoðunar þann þátt málsins sem snéri að hlutafjárukningunni frá desember 2008. Í því máli kæmi uppfært viðskiptalíkan og arðsemiskrafa GR til skoðunar. PFS hefði stofnað nýtt mál varðandi þá þætti málsins en hinu eldra hefði verið lokað. Þegar framangreint erindi Skipta hefði borist PFS í mars s.l. hefði stofnunin stofnað nýtt mál varðandi það erindi. PFS hefði nú í hyggju að loka því máli þar sem PFS myndi taka á arðsemiskröfu GR í því máli sem lýst væri hér að ofan. Síminn gæti að sjálfsögðu óskað eftir aðild að því máli kysí fyrirtækið svo.

2.24 Boðunarbréf PFS, dags. 6. júlí 2010

Í bréfi PFS til GR, dags. 6. júlí s.l., boðaði PFS fyrirhugaða ákvörðun varðandi fyrirkomulag fjárhagslegs aðskilnaðar. Að mati PFS væri augljóst að tiltekið ákvæði í lánasamningi GR og [...] frá 25. nóvember 2009 bryti í bága við fyrrgreindar ákvarðanir PFS frá 2006 og 2008 og lánasamning GR og OR frá 2007. Þar með bryti umrætt ákvæði einnig gegn ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga þar sem um óeðlilega niðurgreiðslu væri að ræða frá einkaleyfisstarfsemi til þess aðila sem aðskilja bæri fjárhag sinn. Öðrum

fjarskiptafyrirtækjum stæði slíkt almennt ekki til boða án slíkra tengsla við einkaleyfishafa. Líklegt væri að GR hefði fengið mun betri lánakjör hjá [...] einmitt vegna þessa. GR gæti ekki einhliða breytt skilmálum lánasamningsins við OR eða skuldbreytt láninu þvert á fyrirmæli PFS í ofangreindum ákvörðunum. Í ofangreindri ákvörðun PFS frá 2008 hefði sérstaklega verið tekið fram að stytting lánstímans úr [...] árum í [...] ár ætti ekki að hafa áhrif á vaxtagjaldaga lánsins [...]. Það væri því mat PFS að GR hefði verið óheimilt að semja við [...] með þessum hætti.

Því hefði PFS í hyggju að fyrirskipa GR að virða umrætt samningsákvæði í lánasamningnum við [...] að vettugi og greiða OR án tafar þær vaxtagreiðslur sem upphaflegur lánasamningur frá 2007 og framangreindar ákvarðanir PFS kvæðu á um eins langt aftur í tímann og vanskil hefðu varað.

2.25 Bréf GR til PFS, dags. 18. ágúst 2010

Með bréfi, dags. 18. ágúst s.l., barst svar GR við ofangreindu boðunarbréfi. Fram kom að GR hefði átt í viðræðum við [...]. [...] miðað væri við að lánakjör myndu að loknum skilmálabreytingum uppfylla skilyrði fyrrgreindra ákvarðana PFS frá 2006 og 2008. Þess væri vænst að skilmálabreytingar lægju fyrir eigi síðar en 1. september n.k. GR gerði ekki efnislegar athugasemdir við fyrirhugaða ákvörðun PFS.

2.26 Bréf GR til PFS, dags. 1. september 2010

Með bréfi GR til PFS, dags. 1. september s.l., barst stofnuninni yfirlýsing frá GR um að félagið teldi sig hafa orðið við þeim aðfinnslum sem PFS gerði í framangreindu boðunarbréfi. Meðfylgjandi gögn samanstóðu af 1) yfirlýsingu [...] þess efnis að [...] myndi ekki notfæra sér heimild til gjaldfellingar á láni til GR þótt félagið greiddi vexti af láni sínu til OR, 2) greiðslukvittun fyrir þóknun GR til [...] vegna ofangreindrar undanþágu, 3) yfirlit yfir vaxtagreiðslur GR af láni sínu hjá OR sem sýndi alla vaxtadaga frá lántökudegi, upphæð vaxtagreiðslu og greiðsludag hvernar greiðslu, sem staðfesti að GR hefði greitt OR alla gjaldfallna vexti af umræddu láni og 4) upplýsingar um stöðu viðskiptakrafna GR hjá OR þar sem fram kæmi að heildarskuldin þann 1. september 2010 næmi um [...] kr. og ekkert af því væri gjaldfallið.

2.27 Ákvörðun PFS nr. 25/2010 frá 7. september 2010

Með ákvörðun PFS nr. 25/2010 tók PFS sína fjórðu ákvörðun er varðar fjárhagslegan aðskilnað GR. Mál þetta varðaði gildi skilmála í lánasamningi GR við [...] sem kvað á um að GR greiddi ekki á lánstímanum vexti á af láni félagsins hjá OR. PFS taldi slíkt brjóta í bága við ákvarðanir stofnunarinnar frá 13. nóvember 2006 og 30. desember 2008 varðandi fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptahluta OR frá sérleyfisstarfsemi félagsins, sbr. 36. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Umræddu ákvæði væri ætlað að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur fjarskiptafyrirtækja væri niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Að mati PFS gæti GR ekki með einkaréttarlegum samningum samið sig undan skýrum kvöðum sem stofnunin hefði lagt á félagið. Að mati PFS væri tilhögun

fjármögnunar GR með lánasamningum við OR grundvallaratriði varðandi það markmið 36. gr. fjarskiptalaga að tryggja fjárhagslegan aðskilnað milli félaganna.

GR bæri því að virða ofangreint samningsákvæði að vettugi og standa OR skil á vaxtagreiðslum þeim sem ógreiddar væru miðað við lánasamning GR og OR frá 7. mars 2007, eins og honum var breytt með viðauka þann 1. október 2009 [...]. Samkvæmt bréfi GR til PFS, dags. 1. september s.l., hefði GR greitt umræddar vaxtagreiðslur til OR. GR bæri að greiða slíkar vaxtagreiðslur áfram á gjalddaga fram til þess tíma að lánið hefur að fullu verið greitt upp þann [...].

2.28 Úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2010 frá 13. sept. 2010

Með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2010 var fyrrgreind ákvörðun PFS nr. 14/2010 staðfest. Í kæru sinni hafði GR krafist þess að úrskurðarnefnd staðfesti að sá hluti hinnar kærðu ákvörðunar er varðaði fyrirfram samþykki PFS fyrir hlutafjárukningu, sem OR væri greiðandi að, ætti einungis við á meðan sérleyfisstarfsemi væri rekin innan OR eða til 1. janúar 2011. Það var niðurstaða úrskurðarnefndar að heimild PFS til þess að beita ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga félli ekki niður þótt einkaleyfisrekstur samstæðunnar yrði felldur inn í sjálfstæðan lög- og skattaðila. Eftirlit PFS lyti að fjarskiptarekstrinum og að aðskilnaði hans frá öðrum rekstri samstæðunnar og hefðu þær ráðstafanir sem mælt væri fyrir um í raforkulögum og eftir atvikum frumvarpi til laga um OR ekki áhrif þar á. Ráðstafanir sem vörðuðu einkaleyfisstarfsemi samstæðunnar gætu að mati nefndarinnar ekki skert eftirlitsheimildir PFS með fjarskiptastarfsemi. Það kæmi síðan í hlut PFS hverju sinni að meta þörfina fyrir íhlutun og hversu langt hún skuli ganga.

Þá kemur fram í úrskurðinum að kærandi hafi haldið því fram að með hinni kærðu ákvörðun hafi PFS brotið gegn meðalhöfsreglu stjórnarsýslulaga. Úrskurðarnefnd taldi ljóst að gert væri ráð fyrir tiltekinni arðsemi af einkaleyfisstarfseminni og að hin lögbundna gjaldtaka myndi skila hagnaði. Að mati nefndarinnar væri ekki girt fyrir að sá hagnaður gæti runnið til OR og þaðan til GR, t.d. í formi hagstæðra lána- eða viðskiptaskilmála eða aukins eiginfjárframlags. Því væri ekki séð að með umræddum fyrirmælum PFS hefði stofnunin farið strangar í sakirnar en nauðsyn hefði borið til með vísan til þess markmiðs ákvörðunarinnar að framfylgja 36. gr. fjarskiptalaga og koma í veg fyrir möguleika á niðurgreiðslu fjarskiptarekstrar.

2.29 Tölvupóstur PFS til GR, dags. 17. september 2010

Í tölvupósti, dags. 17. september s.l., spurðist PFS fyrir um það hvort GR hygðist halda til streitu umsókn sinni um samþykki PFS fyrir hlutafjárukningu í félaginu, nú þegar úrskurðarnefnd hefði staðfest ákvörðun PFS nr. 14/2010 og eftir að ákvörðun PFS nr. 25/2010 hefði litið dagsins ljós um að félagið bæri að greiða OR vexti. [...]. Þar sem stofnunin ætti ennþá eftir að taka ákvörðun um lögmati hlutafjárukningarinnar frá desember 2008 og teldi að uppfærsla á arðsemiskröfu tengdist slíku mati óskaði PFS

einnig eftir upplýsingum um það hvort GR hefði í hyggju að endurskoða arðsemiskröfu sína og viðskiptalíkan frá mars s.l. miðað við breyttar forsendur.

2.30 Tölvupóstur GR til PFS, dags. 20. september 2010

Í tölvupósti GR til PFS, dags. 20. september 2010, barst svar frá við ofangreindri fyrirspurn. Fram kom að ekki væru lengur forsendur fyrir umræddri umsókn um samþykki PFS fyrir hækkun hlutafjár félagsins. Þá kom fram að ekki hefði verið tekin nein ákvörðun um breytta arðsemiskröfu. Viðskiptalíkan félagsins tæki reglulega breytingum út frá breyttum forsendum, s.s. þeim sem hér um ræddi. Einnig út frá raunframvindu tenginga, fjölgun viðskiptavina, þróun vaxta og verðlags og verðum á verktakamarkaði. Slíkar forsendubreytingar hefðu mismikil áhrif á viðskiptalíkanið og stundum jöfnuðu þær út áhrif hvernar annarrar. Næst væri fyrirhugað að yfirfara viðskiptalíkanið og uppfæra það ef þess reyndist þörf við gerð afkomuspár 2010 og rekstrar- og fjárfestingaráætlunar vegna 2011 sem ætti að eiga sér stað í október n.k.

2.31 Bréf PFS til GR, dags. 13. október 2010

Í bréfi PFS til GR, dags. 13. október 2010, kom fram að PFS hefði mál til meðferðar gagnvart GR sem varðaði mat á eðlilegri arðsemiskröfu félagsins og lögmæti hlutafjárukningar sem átt hefði sér stað í félaginu í desember 2008 í tengslum við 36. gr. fjarskiptalaga. Þar væri m.a. mælt fyrir um að samkeppnisrekstur mætti ekki vera niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Áður en lengra yrði haldið óskaði stofnunin eftir að félagið afhenti hálfársuppgjör og 9 mánaða uppgjör félagsins, viðskiptaáætlun eins og hún liti nú út og uppfærða arðsemiskröfu félagsins til ársins 2018, þar sem tekið skyldi mið af gengisþróun, þróun fjármagnskostnaðar, verðbólguhorfum og því að félagið hefði afturkallað beiðni til PFS um samþykki fyrir hlutafjárukningu í félaginu.

2.32 Bréf GR til PFS, dags. 15. nóvember 2010

Svar GR við ofangreindri fyrirspurn, ásamt umbeðnum gögnum, barst PFS með bréfi, dags. 15. nóvember s.l. Fram kom að í lok september s.l. hefði verið framkvæmt sérstakt endurmat á gagnaveitukerfi félagsins, sbr. heimild í 31. gr. ársreikningalaga. Kerfið hefði áður verið fært á afskrifuðu kostnaðarverði en nú hefði bókfært verð þessara eigna verið fært til gangvirðis samkvæmt niðurstöðum endurmatsins og virðisrýrnunarprófs. Matsbreytingin hefði verið færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa og leiddi hún til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð [...] kr. og til hækkunar á eigin fé félagsins að fjárhæð [...] kr. Arðsemi eigin fjár í lok hvers árs hefði verið reiknuð sem afkoma ársins á móti vegnu eigin fé félagsins á viðkomandi ári. Ekki hefði verið ástæða til að gera þennan útreikning með öðrum hætti þar sem eigið fé hefði aðeins samanstðið af innborguðu hlutafé eigenda og uppsafnaðri afkomu af rekstri félagsins frá stofnun þess. Við útreikning á arðsemi eigin fjár í þessu sambandi væri eðlilegt að taka tillit til uppruna eigin fjár. Eftir að fyrrgreint endurmat hefði verið framkvæmt þætti eðlilegt að gera greinarmun á arðsemi eigin fjár. Annars

vegar arðsemi heildareiginfjár að meðtöldu reiknuðu endurmati og hins vegar framlagt hlutfé að frádregnu viðbættu eigin fé frá stofnun félagsins. Eigandi félagsins miðaði arðsemiskröfu sína við heildar eigið fé að frádregnu reiknuðu endurmati í þessu sambandi og hefði reiknað endurmat sem fært væri meðal eigin fjár ekki áhrif á þá arðsemiskröfu.

Viðskiptalíkan GR tæki breytingum í takt við rauntölur liðins tíma sem og þær forsendur sem lagðar væru til grundvallar áætlana á hverjum tíma. Meðfylgjandi bréfi þessu væri samantekt úr viðskiptalíkani GR. Þar hefði verið tekið tillit til 9 mánaða uppgjörs, samþykkrar fjárhagsáætlunar 2011 og langtímaáætlana félagsins. Við fyrri upplýsingagjöf GR til PFS varðandi arðsemi eigin fjár hefði verið miðað við árið 2018 [...]. Samkvæmt viðskiptalíkaninu væri áætluð arðsemi framlagðs eiginfjár [...] % árið 2018. Þá væru innri vextir reiknaðir [...] % yfir allan líftíma líkansins. Þróun á arðsemi eigin fjár og heildar eigin fjár áranna [...] kæmi svo fram á meðfylgjandi línuriti. Í ljósi undangenginna efnahagshremminga, stöðu fjármálamarkaða og framvindu viðskiptaáætlunar GR til þessa, sem nú hefði verið unnið eftir í á sjötta ár, væri umrædd arðsemiskrafa eðlileg og í góðu samræmi við áður framlögð gögn.

2.33 Tölvupóstur PFS til GR, dags. 2. desember 2010

Með tölvupósti PFS til GR, dags. 2. desember 2010, óskaði PFS eftir afriti af framangreindri skýrslu um endurmat á gagnaveitukerfi GR, ásamt virðisrýrnunarprófi.

2.34 Tölvupóstur GR til PFS, dags. 3. desember 2010 - Virðisrýrnunarpróf

Með tölvupósti GR til PFS, dags. 3. desember s.l., afhenti félagið stofnuninni umbeðin gögn, þ.e. greinargerðina sem lögð hefði verið til grundvallar virðisrýrnunarprófi félagsins sem byggst hefði á uppgjöri þann 30. september s.l. Ennfremur væru meðfylgjandi útreikningar og tölulegar forsendur virðisrýrnunarprófsins og hefðu öll undirliggjandi vinnugögn og forsendur verið yfirfarin af endurskoðendum.

Í greinargerðinni er gerð grein fyrir forsendum prófsins. Fram kemur að upplýsingar um [...].

[...] Á árinu 2007 hefði verið mikil fylgni milli vísitölu neysluverðs og undirvísitalna fjarskiptaþjónustu. Á árinu 2008 hefðu undirvísitölurnar ekki haldið í við þróun neysluverðs. Á árinu 2009 hækkuðu undirvísitölurnar hins vegar meira en neysluverðsvísitala. Því væri erfitt að spá fyrir um raunverðsbreytingar á fjarskiptaþjónustu. [...].

Frá árinu 2008 hefðu áætlanir GR gengið mjög vel eftir. Samanburður á rauntölum og áætlunum sem gerðar hefðu verið árlega síðustu 3 ár sýndi að tekjur og EBITDA hefðu ávallt verið umfram áætlun en rekstrarkostnaður í samræmi við þær. [...]

Að lokum kom fram að sjóðsflæði væri núvirt til 1. október 2010 og borið saman við bókfært verð fastafjármuna. Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins, miðað við að gert væri

virðisrýrnunarpróf á allt viðskiptalíkanið til ársins [...], væri að núvirt fjárflæði væri [...] kr. umfram bókfært verð. Ef hins vegar væri miðað við viðskiptalíkanið á uppbyggingartíma, þ.e. [...] ár sem væri í samræmi við fyrirmæli staðals IAS 36 um framkvæmd virðisrýrnunarprófa og [...]% vöxt eftir það, væri núvirt fjárflæði [...] kr. umfram bókfært verð.

III.

Lagaumhverfi

Ákvæði er lýtur að fjárhagslegum aðskilnaði fjarskiptafyrirtækja kom fyrst inn í íslenska fjarskiptalöggjöf með fjarskiptalögum nr. 143/1996. Í 5. mgr. 11. gr. þeirra laga var kveðið á um heimild samgönguráðherra til að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald fjarskiptafyrirtækja, sundurgreiningu þess og fjárhagslegan aðskilnað milli einstakra rekstrarþátta fjarskiptaþjónustu annars vegar og fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptaþjónustu frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa hins vegar. Slík reglugerð hafði hins vegar ekki litið dagsins ljós þegar fjarskiptalög nr. 107/1999 leystu ofangreind lög af hólmi. Í hinum nýju lögum var þó áfram að finna efnislega samhljóða ákvæði um heimild samgönguráðherra að setja reglugerð þar að lútandi, sbr. 5. mgr. 29. gr. laganna. Til viðbótar því var í 31. gr. laganna mælt fyrir um skyldu fyrirtækja, sem fengið hefðu leyfi til að veita talsímaþjónustu og/eða til að reka fjarskiptanet, að verða við kröfu PFS um að halda fjárhag fjarskiptastarfseminnar aðskildum frá annarri starfsemi sem rekin væri á grundvelli einka- eða sérréttinda. Með reglugerð nr. 960/2001, um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, voru settar nánari reglur um fjárhagslegan aðskilnað og ýmis úrræði PFS í því sambandi.

Með nýjum fjarskiptalögum nr. 81/2003 voru gerðar ákveðnar formbreytingar að því er varðar fjárhagslegan aðskilnað. Í stað heimildar PFS til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað er kveðið á um ófrávíkjanlega lagaskyldu í þessum efnunum, sbr. 36. gr. laganna. Ákvæðið hljóðar svo:

„Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarra starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.

Ákvæðið gildir á tillits til markaðsstyrks fyrirtækis“.²

Ljóst er að ofangreint ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga er *sérákvæði* um fjárhagslegan aðskilnað í fjarskiptasviði sem byggist á samkeppnislegum forsendum. Í 14. gr.

² Í frumvarpsathugasemdom kom fram að fjarskiptafyrirtæki sem nytu einka- eða sérréttinda á öðrum sviðum en fjarskiptum skyldu halda fjarskiptastarfsemi sinni aðskilinni frá annarri starfsemi svo að útiloka mætti að tekjur af starfsemi sem nyti einkaréttar eða verndar yrðu notaðar til að styrkja fjarskiptastarfsemi fyrirtækisins og rýrði með því samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja. Ákvæði 36. gr. ætti við um öll fyrirtæki sem nytu einkaréttar eða verndar án tillits til markaðshlutdeildar þeirra og án tillits til þess hvort fjarskiptareksturinn færi fram innan hins verndaða fyrirtækis eða í fyrirtæki sem það hefði yfirráð yfir.

samkeppnislaga nr. 44/2005 er að finna *almenn*t ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað. Hljóðar það svo:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.“

Við skýringu og beitingu sérákvæðis 36. gr. fjarskiptalaga má hafa til hliðsjónar fjölmörg fordæmi samkeppnisyfirvalda varðandi beitingu hins almenna ákvæðis samkeppnislaga um slíkan aðskilnað. Varðandi samspil hins almenna ákvæðis í samkeppnislögunum og sérákvæðis um fjárhagslegan aðskilnað má benda á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 22/1996 (Sjúkrahúsapótek Sjúkrahúss Reykjavíkur). Um starfsemi sjúkrahúsapóteka giltu sérlög, þ.e. lyfjalög nr. 93/1994. Í þeim lögum var að finna sérákvæði um fjárhagslegan aðskilnað sjúkrahúsapóteks og annars reksturs sjúkrahúss. Fram kom að ákvæði þetta hefði m.a. verið sett í þeim tilgangi að jafna samkeppnisstöðu apóteka og sjúkrahúsapóteka og væri þannig m.a. ætlað að vera til stuðnings hinu almenna ákvæði 14. gr. samkeppnislaga. Samkeppnislögin voru sögð lyfjalögunum til fyllingar að því marki sem ákvæði þeirra stönguðust ekki á.

Samkvæmt 36. gr. fjarskiptalaga kveður ákvæðið á um skyldu til fjárhagslegs aðskilnaðar, hvort sem fjarskiptareksturinn fer fram innan hins verndaða fyrirtækis eða í fyrirtæki sem hið verndaða fyrirtæki hefur yfirráð yfir. Með öðrum orðum gildir ákvæðið m.a. um samskipti innan fyrirtækjasamstæðu sem að hluta stundar fjarskiptastarfsemi. Samstæðuhugtak samkeppnislaga hefur mikla þýðingu þegar metið er hvort félög mynda eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga um bann við ólögumtæmtu samráði gildir t.d. aðeins á milli aðila sem ekki eru það tengdir að þeir mynda ekki eina efnahagslega einingu. Myndi félög eina efnahagslega einingu kemur 11. gr. laganna um misnotkun á markaðsráðandi stöðu hins vegar til álita. Í skilningi samkeppnisréttarins eru samningar á milli aðila sem mynda eina efnahagslega einingu ekki samningar milli sjálfstæðra keppinauta heldur frekar innri ráðstafanir sama fyrirtækis.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, skal stofnunin annast framkvæmd laga um fjarskipti, framfylgja lögunum og stuðla að því að markmið þeirra náist. Í 2. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga segir m.a. að markmið þeirra sé að efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Þá er það eitt af skilgreindum verkefnum stofnunarinnar að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003, m.a. með því að vinna gegn röskun eða takmörkun á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Við túlkun og beitingu 36. gr. fjarskiptalaga verður að hafa í huga þetta markmið laganna og hlutverk stofnunarinnar í því sambandi.

IV.

Forsendur og niðurstaða

4.1 Inngangur

Mál þetta varðar eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) með fjárhagslegum aðskilnaði fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur sf. (OR), sem rekin er í dótturfélaginu Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR), frá einkaleyfis- eða sérleyfisstarfsemi samstæðunnar. Um ofangreint eftirlit gildir framangreint ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sem tryggja á að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Mál þetta varðar annars vegar mat á lögmæti hlutafjáraukningar sem fram fór í GR í desember 2008 og OR var greiddandi að. Hins vegar mat PFS á eðlilegri arðsemiskröfu sem gera verður til reksturs GR til framtíðar og eftirfylgni PFS með henni.

OR er sameignarfyrirtæki nokkurra sveitarfélaga sem fyrst og fremst hefur sinnt vinnslu og framleiðslu raforku, varma og vatns, auk dreifingar og sölu á afurðum félagsins. Hluti af starfsemi félagsins fer þannig fram í skjóli einkaleyfa. Nýtur fyrirtækið einkaréttar til reksturs dreifikerfis fyrir rafmagn á veitusvæði sínu í samræmi við IV. kafla raforkulaga nr. 65/2003, einkaréttar til dreifingar og sölu á heitu vatni á markaðssvæði sínu samkvæmt 30. gr. orkulaga nr. 58/1967 og einkaréttar til reksturs vatnsveitu, sbr. 4. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Hins vegar hefur OR til margra ára m.a. staðið að umfangsmikilli uppbyggingu á ljósleiðaraneti á höfuðborgarsvæðinu. Fjarskiptastarfsemi félagsins felst þannig í því að veita aðgang að gagnaflutningsleiðum eftir ljósleiðara.

Ákvörðun sú sem hér er tekin er sú fimmta í röðinni sem snýr að eftirliti PFS með fjárhagslegum aðskilnaði fjarskiptastarfsemi OR. Fyrsta ákvörðunin leit dagsins ljós þann 13. nóvember 2006. Í kjölfarið fylgdi síðan ákvarðanir PFS nr. 32/2008, 14/2010 og 25/2010.

4.2 Hlutafjáraukning í desember 2008

1.

Eins og fram kemur hér að ofan verður í ákvörðun þessari m.a. kveðið á um hvort hlutafjáraukning sú sem fram fór í GR í desember 2008 hafi samrýmst 36. gr. fjarskiptalaga.

Fyrsti stofnefnahagsreikningur fjarskiptahluta OR miðaðist við 1. júlí 2006 og var gert ráð fyrir [...]% eiginfjárlutfalli og [...]% lánsfé. Fram að þeim tíma hafði aðeins verið um bókhaldslegan aðskilnað að ræða. Fyrsta ákvörðun PFS sem beindist að fjarskiptastarfsemi OR leit dagsins ljós í nóvember 2006. Þar var m.a. kveðið á um að eignir sem tilheyrðu fjarskiptastarfseminni skyldu færðar yfir til fjarskiptastarfseminnar á markaðsvirði og að skuldir sem henni tengdust skyldu bera markaðsvexti. Þá var kveðið á um lánsfjárbörf fjarskiptastarfseminnar og fjármögnun hennar, veðsetningar o.fl. Í

ofangreindri ákvörðun féll PFS frá fyrirhugaðri ákvörðun sinni um að ákvarða tiltekna arðsemiskröfu á eigið fé fjarskiptahlutans og lagði fyrir OR að taka sérstaka ákvörðun um hana með tilliti til samkeppnissjónarmiða. Í bréfi PFS til OR þar sem ofangreind ákvörðun var boðuð hafði PFS m.a. tekið það fram að slík arðsemiskrafa gæti komið til endurskoðunar vegna breytinga á fjármálaumhverfi.

Þann 1. janúar 2007 tók GR yfir rekstur fjarskiptahluta OR. Eignir að fjárhæð 7 milljarða kr. voru yfirfærðar til GR og gerður var [...] milljarða lánasamningur á milli félaganna. Lánið [...] og var upphaflega til [...] ára en PFS stytta lánið í [...] ár með ákvörðun frá desember 2008. Auk þess fyrirskipaði PFS GR að greiða vangreidda vexti af umræddu láni með ákvörðun frá september 2010. Mismuninn á eignum og skuldum, 3,5 milljarða, lagði OR inn í GR sem hlutafé. Meðfylgjandi stofnefnahagsreikningi GR var sérfræðiskýrsla frá Deloitte um rétt verðmat ofangreindra eigna. Eiginfjárhlutfall GR var því 50% í upphafi rekstrar. Fátt bar til tíðandi á fyrsta starfsári GR og skilaði félagið 120 milljón kr. hagnaði og var eiginfjárhlutafall félagsins komið í 52% í árslok 2007. Fjárfestingar ársins námu 1,3 milljörðum kr. og voru fjármagnaðar með því að ganga á handbært fé sem GR fékk frá OR í upphafi rekstrar sem hluta af hinum 7 milljarða kr. eignum. Skuldir stóðu því sem næst í stað á fyrsta starfsárinu.

Á árinu 2008 gerði PFS úttekt á framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar OR og GR. Í úttektarskýrslu, sem m.a. byggði á viðskiptaáætlun GR frá apríl 2008, kom m.a. fram að viðskiptaáætlun GR frá apríl 2007 hefði gert ráð fyrir að arðsemi eigin fjár yrði orðin jákvæð á árinu [...] og að lágmarki [...] % í árslok 2018. Endurnýjuð viðskiptaáætlun félagsins frá apríl 2008 hefði verið óbreytt að þessu leyti. Þegar GR hóf rekstur í ársbyrjun 2007 hefði eiginfjárhlutallið verið um 50%. Áætlanir GR hefðu ekki gert ráð fyrir frekari eiginfjármögnun félagsins heldur hefði verið gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall lækkaði á næstu árum vegna framkvæmda sem áætlað væri að fjármagna með lántökum. Ef OR myndi hins vegar fjármagna framkvæmdir með eigin fé og þar með víkja frá viðskiptaáætlun félagsins sem lögð væri til grundvallar arðsemiskröfu félagsins myndi PFS meta hvort forsendubrestur hefði orðið hvað varðaði tekjur og afkomu félagsins. Framangreind úttektarskýrsla var síðan lögð til grundvallar ákvörðun PFS nr. 32/2008 sem skerpti á þeim fyrirmælum sem stofnunin hafði beint til GR um fjárhagslegan aðskilnað með ákvörðun sinni frá 2006. Fyrst og fremst var skerpt á atriðum er vörðuðu lánakjör OR lánsins. Þegar metið væri hvort um niðurgreiðslu væri að ræða væri lykilatriði að um raunverulegan aðskilnað í fjármögnun og rekstri viðkomandi fyrirtækja væri að ræða. PFS gerði hins vegar ekki athugasemdir við viðskiptaáætlun eða arðsemiskröfu GR í umræddri ákvörðun.

Tap GR á árinu 2008 nam um 3 milljörðum þrátt fyrir að tekjur félagsins hafi aukist töluvert á milli ára. Vegna gengishruns íslensku krónunnar hækkuðu skuldir félagsins úr 3,3 milljörðum í 6,4 milljarða. Hlutafé félagsins var aukið um 1,2 milljarða í árslok 2008 til að styrkja eigið fé þess og auka lánshæfið. Eftir þá hækkun nam eiginfjárhlutfall félagsins í árslok 2008 23% en var 52% í ársbyrjun 2008. Umrædd hlutafjárukning var notuð [...]. Ef ekki hefði komið til umræddrar hlutafjárukningar er ljóst að eigið fé

félagsins hefði nánast verið uppuríð. Af þessu má sjá að algjör forsendubrestur varð í rekstri GR á árinu 2008 við hrun íslensks fjármálakerfis og falls íslensku krónunnar í kjölfarið.

Í febrúar 2010 boðaði PFS ákvörðun sem tryggja átti betur framkvæmd hins fjárhagslega aðskilnaðar. PFS taldi mikilvægt að til staðar væru skýrar reglur um hvernig staðið skyldi að fjármögnun GR. Til að fyrirbyggja vandkvæði sem kynnu að skapast af einhliða hlutafjáraukningum GR og óeðlilegri skuldasöfnun GR hjá OR í framtíðinni hefði PFS í hyggju að bæta við fyrirmælum. Til að tryggja að fjármögnun og arðsemiskrafa GR væri með eðlilegum hætti og byggð á samkeppnislegum forsendum hefði PFS í hyggju að setja það skilyrði að félagið þyrfti að fá fyrirfram samþykki PFS fyrir hlutafjárúkningum sem OR væri greiðandi að. Ennfremur að skammtímaskuldir GR hjá OR gætu aldrei numið hærri fjárhæð en sem næmi [...] mánaða eðlilegum viðskiptum milli aðilanna á hverjum tíma, eins og um ótengda aðila væri að ræða. Þá kom fram í máli PFS að framangreind hlutafjárúkning hefði ekki verið í samræmi við þær viðskiptaáætlanir sem kynntar hefðu verið PFS á síðustu árum og lagðar hefðu verið til grundvallar ákvörðunum stofnunarinnar varðandi arðsemiskröfu GR. Ein meginforsenda ákvarðana PFS vegna eiginfjárframlags hefði verið sú að ekki yrði hnikað frá lágmarks arðsemiskröfu sem PFS hefði talið eðlilega á hverjum tíma að teknu tilliti til aðstæðna á fjármálamörkuðum. Áætlanir GR yrðu að sýna með sannfærandi hætti fram á að viðunandi arðsemi næðist innan eðlilegs tímafrests. Eðlilegt samhengi yrði að vera á milli arðsemi og eiginfjárframlags. Með ákvörðun PFS nr. 14/2010 frá 21. maí s.á. hrinti PFS hinni boðuðu ákvörðun í framkvæmd.

Í andmælum GR frá því í mars 2010 kom fram að á fyrri hluta ársins 2008 hefði félagið átt í viðræðum við innlenda og erlenda banka um fjármögnun ljósleiðaravæðingar félagsins. Fljótlega hefði orðið ljóst að aðgangur að lánsfé væri lítill sem enginn vegna mikillar óvissu í efnahagsmálum sem svo hefði leitt til hruns bankakerfisins. Framkvæmdir ársins 2008 hefðu því verið fjármagnaðar [...]. Undir lok árs 2008 hefði orðið ljóst að ekki yrði af ytri fjármögnun GR að svo stöddu vegna ástands lánamarkaða. Þar að auki hefði stórfelld lækkun íslensku krónunnar valdið miklu gengistapi vegna láns GR hjá OR og eiginfjárlutfall GR lækkað mikið. Það hefði orðið niðurstaða OR að nauðsynlegt væri að auka hlutafé í GR um 1,2 milljarða króna til að styrkja eiginfjárstöðu félagsins og gera það að nýju hæft til að sækja fjármögnun á almenna fjármálamarkaði. [...]. Í upphafi ársins 2009 hefðu hafist viðræður við innlenda banka um fjármögnun sem leitt hefðu til þess að GR gerði lánssamning við [...] í nóvember 2009. Með því hefði GR tryggt sér það fjármagn sem á vantaði vegna framkvæmda ársins 2009 sem og fyrirhugaðra framkvæmda [...]. Samkvæmt skilmálum lánsins ætti GR ekki að greiða vexti af láni sínu hjá OR á lánstímanum. [...].

Með ákvörðun PFS nr. 25/2010 frá september 2010 mælti PFS fyrir um að GR virti að vettugi samningsákvæði í lánasamningi GR og [...] um að GR greiddi ekki á lánstíma þess samnings vexti af láni félagsins hjá OR og stæði OR skil á ógreiddum vaxtagreiðslum og vaxtagreiðslum út lánstímann. Að mati PFS væri tilhögun

fjármögnunar GR með lánasamningum við OR grundvallaratriði varðandi það markmið 36. gr. fjarskipalaga að tryggja fjárhagslegan aðskilnað milli félaganna. Þá kom fram að samkvæmt upplýsingum frá GR hefði félagið þegar greitt umræddar vaxtagreiðslur. Í júní 2010 hafði GR óskað eftir samþykki PFS fyrir [...] kr. hlutfjárukningu sem OR yrði greiðandi að. Var hlutfjárukningin sögð vera til að [...]. Í september s.l. spurðist PFS fyrir um það hvort félagið hygðist halda umræddri umsókn sinni til streitu eftir að ákvörðun PFS nr. 25/2010 hefði litið dagsins ljós. Í svari GR kom fram að ekki væru lengur forsendur fyrir umræddri umsókn.

Í október s.l. óskaði PFS eftir 9 mánaða uppgjöri GR, nýjustu viðskiptaáætlun og uppfærða arðsemiskröfu félagsins til ársins 2018, þar sem m.a. skyldi tekið mið af því að félagið hefði hætt við hlutfjárukningu á árinu 2010. Í svari GR kom fram að í lok september 2010 hefði verið framkvæmt endurmat á gagnaveitukerfi félagsins. Kerfið hefði verið fært til gangvirðis samkvæmt niðurstöðum endurmatsins og virðisrýrnunarprófs. Matsbreytingin leiddi til [...] kr. hækkunar á bókfærðu verði eignanna og [...] kr. hækkunar á eigin fé félagsins. Eftir að endurmat hefði verið framkvæmt þætti eðlilegt að gera greinarmun á arðsemi eigin fjár. Annars vegar arðsemi heildareiginfjár að meðtöldu reiknuðu endurmati og hins vegar framlögðu hlutfé að frádregnu viðbættu eigin fé frá stofnun félagsins. OR miðaði arðsemiskröfu sína við heildar eigið fé að frádregnu reiknuðu endurmati í þessu sambandi og hefði reiknað endurmat sem fært væri meðal eigin fjár ekki áhrif á þá arðsemiskröfu. Viðskiptalíkan GR tæki breytingum í takt við rauntölur liðins tíma sem og þær forsendur sem lagðar væru til grundvallar áætlunum á hverjum tíma. Í uppfærðu viðskiptalíkani hefði verið tekið tillit til 9 mánaða uppgjors, fjárhagsáætlunar 2011 og langtímaáætlana félagsins. [...]. Áætluð arðsemi eiginfjár væri [...] % á árinu 2018. Í ljósi undangenginna efnahagshremminga, stöðu fjármálamarkaða og framvindu viðskiptaáætlunar GR til þessa, sem nú hefði verið unnið eftir í á sjötta ár, væri umrædd arðsemiskrafa eðlileg og í góðu samræmi við áður framlögð gögn. Þann 3. desember s.l. barst PFS afrit af skýrslu um endurmat á gagnaveitukerfi GR, ásamt virðisrýrnunarprófi og undirgögnum þess sem yfirfarin höfðu verið af endurskoðendum félagsins.

Í 9 mánaða uppgjöri GR fyrir rekstrarárið 2010 kom m.a. fram að hagnaður fyrstu 9 mánuði ársins hafi numið [...] kr. Virði eigna félagsins nam tæpum [...] kr. þann 30. september 2010 miðað við 8,8 milljarða kr. í árslok 2009. Þá nam bókfært eigið fé rúmum [...] kr. miðað við 1,8 milljarða í árslok 2009 og var eiginfjárlutfallið því [...] %. Fram kom að endurmat hafi farið fram á gagnaveitukerfi félagsins þann 30. september 2010, sbr. heimild í 31. gr. ársreikningalaga. Tekjur félagsins námu [...] kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins miðað við [...] kr. fyrstu 9 mánuði ársins 2009. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu hljóðuðu upp á [...] kr. Skuldir félagsins stóðu nánast í stað og námu um [...] kr. þann 30. september 2010.

2.

Eins og fram hefur komið hér að framan gerði PFS ekki athugasemdir við stofnefnahagsreikning GR né viðskiptaáætlun félagsins frá apríl 2007 í ákvörðun sinni nr.

32/2008. Eigið fé félagsins var 50% í upphafi árs 2007 og samkvæmt framangreindri viðskiptaáætlun átti það smám saman að lækka vegna uppbyggingar ljósleiðaranets félagsins á næstu árum sem fjármögnuð yrði með lántökum þangað til jafnvægi myndi nást með auknum tekjum og eigið fé til lengri tíma nema um [...]%. Arðsemi eigin fjár félagsins átti að verða orðin jákvæð á árinu [...] og [...] % á árinu 2018 [...]. Hins vegar tók PFS fram að ef OR myndi fjármagna framkvæmdir með eigin fé og þar með víkja frá viðskiptaáætlun félagsins sem lögð væri til grundvallar arðsemiskröfu félagsins myndi PFS meta hvort forsendubrestur hefði orðið hvað varðaði tekjur og afkomu félagsins.

Hrun hins íslenska fjármálakerfis haustið 2008, sem m.a. hafði í för með sér gríðarlegt fall íslensku krónunnar, gerði það að verkum að rekstrarárið 2008 var GR mjög erfitt eins og öðrum fyrirtækjum sem voru með skuldir í erlendum gjaldmiðli. Skuldir félagsins hækkðu á örskömmum tíma úr 3,3 milljörðum kr. í 6,4 milljarða og þurrkuðu nánast út 52% eigið fé félagsins. Eins og fram kemur í máli GR, og ekki verður dregið hér í efa, var aðgangur félagsins að lánsfé árið 2008 mjög erfiður vegna ástands lánamarkaða sem stafaði af óvissu í efnahagsmálum og ofangreindu hruni fjármálakerfisins. Það var því úr að fjárfestingar ársins 2008 voru fjármagnaðar [...]. Þegar ljóst varð undir lok ársins 2008 að ekki yrði af ytri fjármögnun vegna ofangreindra ástæðna var ákveðið að auka hlutfé í félagsins um 1,2 milljarða til að [...] og gera það hæft að nýju til að sækja fjármögnun á almennum fjármálamörkuðum. Í nóvember 2009 hefði slík ytri fjármögnun síðan fengist hjá íslenskri fjármálastofnun til að standa straum af fjárfestingum félagsins á árunum 2009-2011.

Í ákvörðun þessari leggur PFS m.a. mat á það hvort framangreind hlutfjárukning sem fram fór í desember 2008 hafi talist fela í sér eðlilega fjármögnun GR sem hafi byggst á samkeppnislegum forsendum í ljósi ofangreindra óvenjulegu aðstæðna á fjármálamörkuðum. Ber þá að horfa til þess að ein meginforsenda ákvarðana PFS varðandi eigið fé GR hefur verið sú að ekki yrði hnikað frá lágmarks arðsemiskröfu sem PFS hefur talið eðlilega á hverjum tíma að teknu tilliti til aðstæðna á fjármálamörkuðum. Áætlanir GR verða því að sýna með sannfærandi hætti fram á að viðunandi arðsemi náist innan eðlilegra tímamarka.

Eins og fram hefur komið hér að framan hafði GR í hyggju að auka hlutfé um [...] kr. á árinu 2010 til að standa straum af uppsöfnuðum vaxtagreiðslum vegna láns félagsins hjá OR sem ekki hafði verið greitt af á gildistíma NBI lánsins. Með ákvörðun PFS nr. 25/2010 gerði stofnunin félaginu skylt að greiða OR umrædda vexti. Í kjölfarið hætti félagið við ofangreinda hlutfjárukningu. Við 9 mánaða uppgjör GR lok september s.l. framkvæmdi félagið sérstakt endurmat á gagnaveitukerfi félagsins samkvæmt heimild í ársreikningalögum sem leiddi til þess að eignir félagsins og eigið fé hækkðu töluvert. Eigið fé félagsins var m.a. komið í [...] % á þeim tímapunkti sem að mati PFS verður að teljast ásættanlegt eiginfjárlutfall miðað við þau áföll sem dunið hafa yfir íslenskt efnahagslíf á síðustu misserum. Eftir að hafa kynnt sér virðisrýrnunarpróf það sem fylgdi skýrslu um ofangreint endurmat GR gerir PFS ekki athugasemdir við umrætt mat félagsins og endurskoðanda þess. Í uppfærðri viðskiptaáætlun þeirri sem fylgdi 9 mánaða

uppgjóri félagsins kemur m.a. fram að arðsemi eigin fjár félagsins verði orðin jákvæð fyrir árið [...] og [...] % á árinu 2018. Arðsemiskrafa þessi og þróun hennar er því í megindráttum í samræmi við áætlanir um arðsemi félagsins allt frá árinu 2007, að árinu 2008 undanskildu.

Jafnframt kemur fram í virðisrýrnunarprófi GR, sem unnið var vegna árshlutreiknings félagsins 30. september s.l., að gangvirði rekstrarfjármuna er metið [...] kr. hærra en bókfært verð þeirra. Matið er byggt á niðurstöðu [...] og er unnið út frá viðskiptaáætlun GR og er miðað við raun ávöxtunarkröfu (WACC) fjármagns [...] % og arðsemiskröfu eigin fjár [...] %. Að mati PFS er framangreint í samræmi við fyrri áætlanir félagsins og þá ávöxtunarkröfu sem PFS telur eðlilegt fyrir fjarskiptafyrirtæki á samkeppnismarkaði.

Að öllu ofangreindu virtu telur PFS að hlutfjárukning sú sem fram fór í GR í desember 2008 hafi ekki brotið gegn ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga þegar hinar mjög svo óvenjulegu aðstæður í efnahagslífi þjóðarinnar eru hafðar til hliðsjónar. Umrædd hlutfjárukning var ekki úr hófi fram og í raun nauðsynleg til að gera félagið hæft til að sækja sér fjármagn á almennum fjármálamörkuðum og vera þannig óháð eiganda sínum um fármögnun. Hlutfjárukningin nam aðeins um þriðjungi þess gengistaps sem félagið varð fyrir á árinu 2008 og lyfti eigin fé félagsins upp í 23% en það hafði verið 52% í ársbyrjun 2008. Líta verður á viðbrögð eiganda GR við aðsteðjandi vanda ekki eingöngu út frá hagsmunum sem eiganda heldur einnig sem helsta kröfuhafa félagsins. Mjög miklir hagsmunir voru því í húfi fyrir eiganda félagsins. Í þessu sambandi má benda á að kröfuhafar ýmissa fyrirtækja, s.s. fjarskiptafyrirtækja, hafa yfirtekið þau í kjölfar efnahagshrunsins og m.a. breytt skuldum í hlutfé og skuldbreytt lánunum þeirra. Það er ekki í verkahring PFS að þrengja svo að rekstri fyrirtækja á borð við GR að þau eigi sér ekki viðreisnar von í kjölfar slíkra efnahagshremminga. Slíkt væri ekki í þágu samkeppni á fjarskiptamarkaði til lengri tíma. Ákvörðun PFS hefði getað orðið önnur ef ekki hefðu komið til hinar mjög svo óvenjulegu aðstæður og að félagið er á góðri leið með að ná þeirri arðsemiskröfu sem lagt var upp með á árinu 2007. Viðskiptaáætlun GR sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir að ekki þurfi að koma til aukið eiginfjárframlag eiganda félagsins.

Uppfærð viðskiptaáætlun GR sýnir með sannfærandi hætti fram á að viðunandi arðsemi náist innan eðlilegs tímafrests og að eðlilegt samhengi sé á milli arðsemi og eiginfjárframlags. Þá hafa rekstrartekjur og –gjöld verið í samræmi við áætlanir félagsins undanfarin ár. Því hefur GR ekki hnikað frá lágmarks arðsemiskröfu sem PFS telur eðlilegt að gera til fjarskiptafyrirtækis á samkeppnismarkaði við þær aðstæður sem ríkja á fjármálamörkuðum.

Einnig bendir PFS á að ákvörðun sú sem hér er til umfjöllunar er sú þriðja gagnvart GR á árinu 2010. Ákvörðun PFS nr. 14/2010 laut annars vegar að því koma í veg fyrir að GR geti aukið hlutfé sitt án fyrirfram samþykkis PFS sem meta þarf hvort slíkt samrýmist ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga og hins vegar að því að koma í veg fyrir að félagið geti safnað óeðlilegum skammtímaskuldum hjá OR. Ákvörðun PFS nr. 25/2010 laut að því að

skylda GR til að greiða OR vexti af láni félagsins sem OR veitti félaginu á árinu 2007. Sú ákvörðun kom m.a. í veg fyrir að félagið hækkaði hlutfé sitt á árinu 2010 eins og félagið hafði haft í hyggju. Það er því ljóst að svigrúm OR er orðið afar takmarkað til að niðurgreiða fjarskiptastarfsemi þá sem stunduð er innan vébanda GR. PFS mun þó að sjálfsgöðu halda áfram því viðvarandi eftirliti gagnvart félögunum sem 36. gr. fjarskiptalaga gerir ráð fyrir.

3.3 Arðsemiskrafa GR

Eins og fram kemur hér að ofan mun PFS einnig í ákvörðun þessari leggja mat á eðlilega arðsemiskröfu sem gera verður til reksturs GR til framtíðar og eftirfylgni PFS með henni. Af ofangreindu er ljóst að mat á arðsemiskröfu tengist tilhögun fjármögnunar fyrirtækja órofa böndum og hafa hlutfjárukningar því áhrif á arðsemiskröfu eins og fram kom hér að ofan varðandi lögmæti hlutfjárukningar í GR sem fram fór í desember 2008. Enda lítur PFS á arðsemiskröfu GR á grunvelli heildar eiginfjárframlags OR hverju sinni, en ekki bókfærðs eiginfjár GR.

Að mati PFS hefur GR sýnt fram á með trúverðugum hætti að sú arðsemiskrafa á framlagt eigið fé, sem stofnunin setti fram í upphaflegri ákvörðun sinni frá árinu 2006, uppfylli kröfu PFS þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa frá upphaflegri áætlun í fjárfestingum og fjármögnun félagsins frá þeim tíma. GR gerir í endurskoðuðu viðskiptalíkani sínu ráð fyrir að arðsemi eigin fjár (án endurmats) verði orðin jákvæð fyrir árið [...] og [...] % á árinu 2018. Innri vextir (IRR) verði [...] % á líftíma líkansins [...]. Framangreint er ásættanlegt að mati PFS fyrir fjarskiptafyrirtæki á samkeppnismarkaði.

PFS leggur áherslu á að um viðvarandi eftirlit er að ræða hjá stofnuninni þegar um er að ræða félag í fjarskiptarekstri í eigu aðila með einkaleyfisstarfsemi. Því er nauðsynlegt að GR sendi PFS árlega að lágmarki upplýsingar um rekstur og efnahag, ásamt endurskoðaðri viðskiptaáætlun þar sem skýrt komi fram frávik frá fyrri áætlunum og hvort einhverjar þær breytingar hafa orðið sem valda því að endurskoða þurfi arðsemisköfu á eigið fé félagsins. Félagið skal því senda Póst- og fjarskiptastofnun árlega ítarlegar upplýsingar um rekstur og efnahag, ásamt endurskoðaðri viðskiptaáætlun og arðsemiskröfu félagsins í samræmi við nánari fyrirmæli PFS þess efnis. Upplýsingunum skal skila eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

3.4 Samandregin niðurstaða

Samkvæmt öllu ofangreindu virtu braut hlutfjárhækkun sú sem fram fór í GR þann 16. desember 2008 ekki í bága við ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi frá einkaleyfisstarfsemi, þegar tillit er tekið til óvenjulegra aðstæðna á fjármálamörkuðum á árinu 2008, sem leiddi til hruns íslensks fjármálakerfis og falls íslensku krónunnar.

Að mati PFS uppfyllir GR kröfu stofnunarinnar um arðsemi á eigið fé félagsins sem eðlilegt er að gera til fjarskiptafyrirtækis á samkeppnismarkaði. Samkvæmt endurskoðuðu viðskiptalíkani GR verður arðsemi eigin fjár orðin jákvæð fyrir árið [...] og [...] % á árinu 2018, sem er innan þeirra marka sem upphaflegar áætlanir gerður ráð fyrir. Jafnframt er reiknað með að á líftíma líkansins verði arðsemi framlagðs eigin fjár ekki undir [...] %.

Ákvörðunarorð

Hlutfjárukning sú sem fram fór í Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. þann 16. desember 2008, og Orkuveita Reykjavíkur sf. var greiðandi að, braut ekki í bága við 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi frá einkaréttarstarfsemi.

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. uppfyllir kröfu stofnunarinnar um arðsemiskröfu á eigið fé félagsins sem gera skal til fjarskiptafyrirtækis á samkeppnismarkaði. Félagið skal senda Póst- og fjarskiptastofnun árlega ítarlegar upplýsingar um rekstur og efnahag, ásamt endurskoðaðri viðskiptaáætlun og arðsemiskröfu félagsins í samræmi við nánari fyrirmæli PFS þess efnis. Upplýsingunum skal skila eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 22. desember 2010

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson